

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 14. júní 1988

um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfyrstu sæði húsdýra af nautgripakyni

(88/407/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Ákvæði um vanda á sviði dýraheilbrigðis í viðskiptum innan bandalagsins með nautgripi og svín er að finna í tilskipun 64/432/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 ⁽⁵⁾. Þá er í tilskipun 72/462/EBE ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85, að finna ákvæði um vanda á sviði dýraheilbrigðis-efirlits við innflutning á nautgripum og svínum frá þriðju löndum.

Að því er varðar viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nautgripum og svínum frá þriðju löndum hefur með framangreindum ákvæðum verið tryggt að útflutningslandið ábyrgist að skilyrði um dýraheilbrigði séu uppfyllt, þannig að nánast hefur verið komið í veg fyrir hættu á útbreiðslu dýrasjúkdóma. Þó er enn ákveðin hættu á útbreiðslu þessara sjúkdóma í tengslum við viðskipti með sæði.

Með hliðsjón af stefnu bandalagsins í samræmingu innlendra dýraheilbrigðisákvæða um viðskipti innan bandalagsins með búfé og búfjárafurðir er nú nauðsynlegt að koma á samræmdu skipulagi vegna viðskipta innan bandalagsins og innflutnings til bandalagsins á nautgripasæði.

Í viðskiptum með sæði innan bandalagsins ber sæðistöku- löndum að skuldbinda sig til að ábyrgjast að slíkt sæði sé tekið og það meðhöndlað í viðurkenndum sæðingarstöðvum sem eftirlit er haft með, að það sé úr dýrum sem eru það heilbrigð að engin hættu sé á útbreiðslu dýrasjúkdóma, að það sé tekið, meðhöndlað, geymt og flutt í samræmi við reglur til verndunar heilbrigðis þess og því fylgi dýraheilbrigðisvottorð í flutningi til viðtökulandsins svo tryggt sé að staðið sé við þessa skuldbindingu.

Ósamræmið í stefnu aðildarríkjanna að því er varðar bólu- setningu gegn ákveðnum sjúkdómum réttlætir að látnar séu gilda áfram tímabundnar undanþágur sem heimila að aðildarríkin geti vegna ákveðinna sjúkdóma krafist frekari verndar gegn þeim.

Vegna innflutnings á sæði til bandalagsins ber að gera skrá yfir þriðju lönd á grundvelli dýraheilbrigðisviðmiðana. Með fyrirvara um slíka skrá er aðildarríkjunum eingöngu heimilt að flytja inn sæði frá sæðingarstöðvum sem uppfylla ákveðnar reglur og opinbert eftirlit er haft með. Að því er varðar löndin í þeirri skrá þá ber að setja sérstök dýraheilbrigðisskilyrði vegna aðstæðna. Heimilt er að láta fara fram vettvangsskoðun til að ganga úr skugga um hvort farið er að þessum reglum.

Koma ber á málsmeðferð til að jafna hugsanlegan ágreining milli aðildarríkjanna um hvort viðurkenning á sæðingarstöð sé réttmæt.

Aðildarríkjunum er heimilt að hafna sæðissendingu ef ljóst er að hún er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Hægt verður að vera að senda slíkt sæði aftur til baka að beiðni sendanda eða fulltrúa hans, ef það brýtur ekki á bága við dýraheilbrigðissjónarmið. Sendandi eða fulltrúi hans skal eiga kost á að fá að vita um ástæður fyrir banni eða takmörkun og leita álits sérfræðings.

Til að koma í veg fyrir útbreiðslu ákveðinna smitsjúkdóma ber að viðhafa innflutningseftirlit með sæðissendingum sem komið er með inn á yfirráðasvæði bandalagsins, nema um sé að ræða umflutning utanlands.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. C 267, 6. 10. 1983, bls. 5.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. C 342, 19. 12. 1983, bls. 11.

⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. C 140, 28. 5. 1984, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.

⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28.

Ef um er að ræða umflutning innanlands ber að skilgreina þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til að loknu slíku eftirliti.

Heimila ber aðildarríki að grípa til neyðarráðstafana komi upp smitsjúkdómur í öðru aðildarríki eða þriðja landi. Hættuna samfara slíkum sjúkdómum og nauðsynlegar verndarráðstafanir vegna þeirra ber að meta á sama hátt alls staðar í bandalaginu. Af þeim sökum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir með hliðsjón af neyðarmálsmeðferð innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

Framkvæmdastjórninni skal falið að gera ákveðnar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun til framkvæmda. Með það í huga skal ákveða aðferðir sem fela í sér nána og árangursríka samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á viðskipti með sæði sem var framleitt áður en aðildarríkin verða að fara að henni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Í þessari tilskipun eru sett skilyrði á sviði dýraheilbrigðis um viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni.

2. gr.

Að því er þessa tilskipun varðar gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE og 2. gr. tilskipunar 72/462/EBE, eftir því sem við á.

Þá er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sæði“: meðhöndlað eða þynnt sæði úr húsdýri af nautgripakyni;
- „sæðingarstöð“: opinberlega viðurkennd starfsstöð á yfirráðasvæði aðildarríkis eða þriðja lands þar sem sæði er framleitt til sæðingar;
- „opinber dýralæknir“: dýralæknir tilnefndur af lögbæru stjórnvaldi í aðildarríki eða þriðja landi;
- „dýralæknir sæðingarstöðvarinnar“: dýralæknir sem ber ábyrgð á að dagleg störf í sæðingarstöðinni séu unnin í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar;

- „sending“: sæðismagn sem eitt vottorð tekur til;
- „sæðistökuland“: aðildarríki eða þriðja land þar sem sæði er tekið og sent frá til annars aðildarríkis;
- „viðurkennd greiningarstofa“: rannsóknarstofa á yfirráðasvæði aðildarríkis eða þriðja lands, tilnefnd af þar til bæru dýraheilbrigðisyfirvaldi til að framkvæma prófin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;
- „taka“: magn sæðis tekið úr gjafa hvenær sem er.

II. KAFLI

Viðskipti innan bandalagsins

3. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að ekki sé flutt sæði frá yfirráðasvæði þess til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis nema það uppfylli eftirfarandi kröfur:

- það skal vera tekið og meðhöndlað í því skyni að nota það til sæðingar í sæðingarstöð sem hefur dýraheilbrigðisviðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 5. gr. með hliðsjón af viðskiptum innan bandalagsins;
- það skal vera tekið úr nautum, ef heilbrigðisástand þeirra er í samræmi við viðauka B;
- það skal vera tekið, meðhöndlað, geymt og flutt í samræmi við viðauka A og C;
- því skal fylgja við flutning til viðtökulandsins dýraheilbrigðisvottorð í samræmi við 1. mgr. 6. gr.

4. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin leyfa þar til 31. desember 1992 innflutning á sæði nauta sem hafa sýnt neikvæða svörun við sermíafmöggnunarprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV) eða sýna jákvæða svörun við bólusetningu í samræmi við þessa tilskipun.

Aðildarríkjunum er heimilt þar til 31. desember 1992 að leyfa innflutning á sæði nauta sem hafa sýnt neikvæða svörun við sermíafmöggnunarprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV) og hafa ekki verið bólusett í samræmi við þessa tilskipun.

Í þessu tilviki skal hver sending rannsökuð með ónæmissetningu í lifandi dýr og/eða veirueinangrunarprófi.

Þessi krafa gildir ekki um sæði dýra sem sýndu neikvæða svörun við prófunum sem um getur í fyrstu málsgrein áður en þau voru fyrst bólusett í sæðingarstöð.

Þessar rannsóknir mega fara fram annaðhvort í sæðistöku-landinu eða viðtökulandinu samkvæmt tvíhliða samningi.

Fyrir 1. janúar 1992 skal ráðið endurskoða þessa málsgrein á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ásamt hugsanlegum tillögum.

2. Aðildarríki þar sem í öllum stöðvum eru eingöngu dýr sem sýna neikvæða svörun við sermíafmöggnunarprófi eða ELISA-prófi mega hafna flutningi inn á yfirráðasvæði sín á sæði frá stöðvum sem eru ekki með sömu stöðu.

Í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 19. gr. er heimilt að útvíkka framangreind ákvæði til hluta yfirráðasvæðis aðildarríkis ef í öllum stöðvum þess hluta yfirráðasvæðisins eru eingöngu dýr sem sýna neikvæða svörun við sermíafmöggnunarprófi eða ELISA-prófi.

3. Með fyrirvara um önnur bandalagsákvæði er aðildarríkjum þar sem ekki er bólusett gegn gin- og klaufaveiki óheimilt að hafna innflutningi á sæði dýra sem eru bólusett í samræmi við þessa tilskipun.

Þegar svo háttar er heimilt að prófa allt að 10% af sæði úr hverri töku sem ætluð er til viðskipta (með að minnsta kosti fimm stráum) með veirueinangrunarprófi vegna gin- og klaufaveiki í rannsóknarstofu í viðtökuaðildarríkjum eða í rannsóknarstofu sem það aðildarríki tilgreinir. Sé niðurstaðan jákvæð er heimilt að hafna innflutningi á sæðinu.

5. gr.

1. Aðildarríkið þar sem sæðingarstöðin er skal tryggja að viðurkenningin sem kveðið er á um í a-lið 3. gr. sé aðeins veitt að uppfylltum ákvæðunum í viðauka A og ef sæðingarstöðin fullnægir öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar.

Aðildarríkið skal einnig tryggja að opinber dýralæknir hafi eftirlit með því að farið sé að þessum ákvæðum og afturkalla viðurkenningu ef eitt eða fleiri ákvæði eru ekki lengur uppfyllt.

2. Skrá skal allar sæðingarstöðvar og hverri stöð úthlutað dýraheilbrigðisskráningarnúmeri. Hvert aðildarríki skal senda skrá yfir sæðingarstöðvar og dýraheilbrigðisskráningarnúmer þeirra til annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar og tilkynna þeim um afturköllun á viðurkenningu.

Telji aðildarríki að sæðingarstöð í öðru aðildarríki virði ekki eða sé hætt að virða ákvæði um viðurkenningu skal það tilkynna það lögbæru yfirvaldi í því ríki. Hið síðarnefnda skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæru yfirvaldi í hinu fyrrnefnda um allar ákvarðanir sem eru teknar og ástæður fyrir þeim.

Óttist fyrrnefnda aðildarríkið að nauðsynlegar ráðstafanir hafi ekki verið gerðar, eða séu óviðunandi, skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni sem leitar álits eins eða fleiri dýraheilbrigðissérfræðinga. Í ljósi þess álits má heimila aðildarríkjum, í samræmi við málsmæðferðina í 19. gr., að banna tímabundið flutning inn á yfirráðasvæði sín á sæði frá viðkomandi stöð.

Afturkalla má slíka heimild í samræmi við málsmæðferðina í 19. gr. í ljósi nýs álits eins eða fleiri dýraheilbrigðissérfræðinga.

Dýraheilbrigðissérfræðingarnir verða að vera ríkisborgarar í öðru aðildarríki en því sem aðild á að deilunni.

Samþykkinga skal almennar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmæðferðina í 18. gr.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu binda sæðisinnflutning við framlagningu dýraheilbrigðisvottorðs sem opinber dýralæknir gerir í sæðistöku-landinu í samræmi við viðauka D.

Dýraheilbrigðisvottorðið skal:

- a) gert á að minnsta kosti einu af opinberum tungumálum sæðistöku-landsins og einu af opinberum tungumálum viðtökuaðildarríkisins;
- b) fylgja sendingunni til viðtökustaðar í frumriti;
- c) gert á eina pappírsörk;
- d) gert fyrir einn viðtakanda.

2. a) Leiði eftirlit með skjölunum í ljós að ekki sé farið að ákvæðum 3. gr. er viðtökuaðildarríki heimilt að banna aðflutning á sendingum.

- b) Viðtökuaðildarríkinu er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir, þar með talið sóttkví, til að komast að endanlegri niðurstöðu í þeim tilvikum þegar grunur leikur á að sæði sé sýkt eða smitað af sóttkveikjum.

- c) Ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt a- og b-lið skulu heimila, að beiðni sendanda eða fulltrúa hans, að sæði sé flutt til baka, að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við dýraheilbrigðissjónarmið.

3. Hafi aðflutningur sæðis verið bannaður af einhverjum þeim ástæðum sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. og sæðistökulandið leyfir ekki innan 30 daga að sæðið sé flutt til baka er lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu heimilt að fyrirskipa að því sé eytt.

4. Ákvarðanir sem lögbært dýraheilbrigðisyfirvald tekur samkvæmt 2. og 3. gr. skulu tilkynntar sendanda eða fulltrúa hans og ástæður tilgreindar.

7. gr.

1. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á réttarræði samkvæmt gildandi löggjöf í aðildarríkjunum sem grípa má til gegn ákvörðunum sem lögbær yfirvöld taka samkvæmt þessari tilskipun.

Þessar rökstuddu ákvarðanir skal án tafar, samkvæmt beiðni, láta sendanda eða fulltrúa hans skriflega í té ásamt upplýsingum um réttarræði í gildandi löggjöf auk upplýsinga um form og frest til að hefja aðgerðir. Einnig verður að tilkynna lögbæra dýraheilbrigðisyfirvaldinu í sæðistökulandinu eða útflutningsaðildarríkinu um þessar ákvarðanir.

2. Hvert aðildarríki skal veita sendanda, hafi ráðstöfununum sem um getur í 2. mgr. 6. gr. verið beitt að því er varðar sæðissendingu hans og áður en aðrar ráðstafanir eru gerðar af lögbæra yfirvaldinu, rétt til að leita álits sérfræðings til að ganga úr skugga um hvort farið hafi verið að 2. mgr. 6. gr.

Sérfræðingurinn verður að vera ríkisborgari í öðru aðildarríki en sæðistökulandinu eða viðtökuaðildarríkinu.

Framkvæmdastjórnin gerir, að tillögu aðildarríkjanna, skrá yfir sérfræðingana sem gætu tekið að sér gerð slíkra álita. Almennar reglur vegna beiðingar þessarar greinar, einkum varðandi málsmeðferðina sem fylgja ber við gerð álitsins, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr.

III. KAFLI

Reglur um innflutning frá þriðju löndum

8. gr.

1. Aðildarríki mega eingöngu heimila innflutning á sæði frá þriðju löndum sem eru talin upp í skrá sem gerð er samkvæmt málsmeðferðinni í 19. gr.

Heimilt er að breyta skránni eða bæta við hana samkvæmt málsmeðferðinni í 18. gr.

2. Þegar ákveðið er hvort tilgreina skulu þriðja land í skránni sem um getur í 1. mgr. skal einkum taka mið af:

- heilbrigðisástandi búpenings, annarra húsdýra og villtu dýralífi í þriðja landinu, einkum skal gefa gaum framandi dýrasjúkdómum og ástandi umhverfismála í landinu sem gæti stofnað heilbrigði dýra í hættu á aðildarríkjunum;
- hversu reglulega og hve oft viðkomandi þriðja land lætur í té upplýsingar um tilvist smitsjúkdóma á yfirráðasvæði sínu, einkum um þá sjúkdóma sem eru tilgreindir í skrá A og B frá Alþjóðastofnuninni um smitsjúkdóma dýra;
- reglum landsins um forvarnaaðgerðir og eftirlit með dýrasjúkdómum;
- uppbyggingu dýraheilbrigðisþjónustu í landinu og valdsviði hennar;
- skipulagi og framkvæmd ráðstafana til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með smitsjúkdómum; og
- þeim tryggingum sem þriðja landið veitir vegna þessarar tilskipunar.

3. Skráin sem um getur í 1. mgr. og allar breytingar á henni skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

9. gr.

1. Samkvæmt málsmeðferðinni í 19. gr. skal gera skrá yfir sæðingarstöðvar sem aðildarríkin mega heimila innflutning frá á sæði sem er upprunnið í þriðja landi. Heimilt er að breyta skránni eða bæta við hana samkvæmt sömu málsmeðferð.

2. Við ákvörðun á því hvort heimilt sé að telja sæðingarstöð í þriðja landi upp í skránni sem um getur í 1. mgr. skal einkum taka mið af dýraheilbrigðiseftirliti með sæðisframléiðsluaðferðum í þriðja landinu, valdsviði dýraheilbrigðisþjónustunnar og því eftirliti sem er haft með sæðingarstöðvum.

3. Eingöngu er heimilt að setja sæðingarstöð í skrána sem um getur í 1. mgr. að því tilskildu að hún:

- sé í einu landanna í skránni sem um getur í 1. mgr. 8. gr.;
- uppfylli kröfurnar í I. og II. kafla í viðauka A;
- sé opinberlega viðurkennd af dýraheilbrigðisþjónustunni í viðkomandi landi til að flytja út til bandalagsins;

- d) sé undir eftirliti dýralæknis sæðingarstöðvarinnar í viðkomandi þriðja landi; og
- e) sæti eftirliti opinbers dýralæknis í viðkomandi þriðja landi að minnsta kosti tvisvar á ári.

10. gr.

1. Sæðið skal vera úr dýrum sem fyrir sæðistöku hafa dvalið að minnsta kosti sex næstliðna mánuði á yfirráðasvæði þriðja lands sem er í skránni sem er gerð í samræmi við 1. mgr. 8. gr.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríki ekki heimila innflutning á sæði frá þriðja landi sem er í skránni nema ef sæðið uppfyllir kröfur um dýraheilbrigði sem eru settar í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. vegna innflutnings á sæði frá því landi.

Þegar kröfurnar sem um getur í fyrstu undirgrein eru samþykktar skal taka mið af eftirfarandi:

- a) heilbrigðisástandinu á svæðinu kringum sæðingarstöðina, einkum skal gefa gaum þeim sjúkdómum sem eru tilgreindir í skrá A frá Alþjóðastofnuninni um smit-sjúkdóma dýra;
- b) heilbrigðisástandi viðkomandi gripa í sæðingarstöðinni, þar með talið prófunarkröfum;
- c) heilbrigðisástandi gjafa og prófunarkröfum;
- d) prófunarkröfum að því er varðar sæði.

3. Staðlarnir í viðaukum A við tilskipun 64/432/EBE eru til viðmiðunar þegar sett eru skilyrði á sviði dýraheilbrigðis í samræmi við 2. mgr. vegna berkla og öldusóttar. Í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. og með hliðsjón af einstökum tilvikum er heimilt að samþykkja undanþágur frá þessum ákvæðum ef viðkomandi þriðja land veitir sambærilegar ábyrgðir á sviði dýraheilbrigðis. Í því tilviki skal mæla fyrir um dýraheilbrigðisskilyrði sem eru að minnsta kosti jafngild þeim sem mælt er fyrir um í samræmi við sömu málsmeðferð til að heimila að komið sé með slík dýr til sæðingarstöðva.

4. 4. gr. gildir að breyttu breytanda.

11. gr.

1. Aðildarríki skal ekki heimila innflutning á sæði nema samkvæmt framlögðu heilbrigðisvottorði sem er gert og undirritað af opinberum dýralækni í þriðja landinu þar sem sæðistakan fór fram.

Vottorðið skal:

- a) gert á að minnsta kosti einu opinberu tungumáli viðtökuaðildarríkisins og einu opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis þar sem innflutningseftirlitið sem um getur í 12. gr. fer fram;

b) fylgja sæðinu í frumriti;

c) vera ein pappírsörk;

d) gert fyrir einn viðtakanda.

2. Vottorðið skal samsvara fyrirmynd sem er gerð í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlit sé haft með öllum sæðissendingum inn á tollyfirráðasvæði bandalagsins áður en sæðið er sett í firjala dreifingu eða tekið til tollmeðferðar og banna innflutning á sæði til bandalagsins ef í ljós kemur við innflutningseftirlit:

— að sæðið kemur ekki frá yfirráðasvæði þriðja lands í skránni sem er gerð í samræmi við 1. mgr. 8. gr.,

— að sæðið kemur ekki frá sæðingarstöð í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr.,

— að sæðið kemur frá yfirráðasvæði þriðja lands sem innflutningur er bannaður frá í samræmi við 2. mgr. 15. gr.,

— að dýraheilbrigðisvottorðið sem fylgir sæðinu er ekki í samræmi við skilyrðin í 11. gr. eða ákvæði sem eru sett samkvæmt þeim.

Þessi málsgrein gildir ekki um sæðissendingar sem við komu inn á tollyfirráðasvæði bandalagsins fá tollumflutningsmeðferð með það í huga að senda sæðið til viðtökustaðar fyrir utan þetta yfirráðasvæði.

Þó gildir hún þegar tollumflutningsmeðferð er frestað meðan á flutningi stendur um yfirráðasvæði bandalagsins.

2. Viðtökuaðildarríkinu er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir, þar með talið sóttkví, til að komast að endanlegri niðurstöðu í þeim tilvikum þegar grunur leikur á að sæði sé smitað af sóttkveikjum.

3. Hafi innflutningur sæðis verið bannaður af einhverjum þeim ástæðum sem um getur í 1. og 2. mgr. og útflutningslandið leyfir ekki að sæðið sé flutt til baka innan 30 daga er lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu heimilt að fyrirskipa að því sé eytt.

13. gr.

Hverri sæðissendingu sem heimilt er að flytja inn til bandalagsins, á grundvelli eftirlitsins sem um getur í 1. mgr. 12. gr., verður að fylgja í sendingu til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis dýraheilbrigðisvottorð, eða viðurkennt afrit af því, í báðum tilvikum áritað af lögbæru yfirvaldi sem ber ábyrgð á eftirlitinu sem framkvæmt er í samræmi við 12. gr.

14. gr.

Ef ákveðið er að eyða sendingu samkvæmt 3. mgr. 12. gr. skal sendandi, viðtakandi eða umboðsmaður þeirra bera allan kostnað af því án bótagreiðslna af hálfu ríkisins.

IV. KAFLI

Reglur um verndar- og eftirlitsráðstafanir

15. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana ef hætta er á að dýrasjúkdómur breiðist út í kjölfar innflutnings á yfirráðasvæði þess á sæði frá öðru aðildarríki:

- komi upp smitandi dýrasjúkdómur, eða breiðist út, í öðru aðildarríki getur það tímabundið bannað eða takmarkað sæðisinnflutning frá sjúkdómssvæðum þess aðildarríkis;
- breiðist dýrasjúkdómurinn víðar út, eða ef aðrir alvarlegir smitsjúkdómar koma upp, getur það tímabundið bannað eða takmarkað sæðisinnflutning frá öllu yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

Hvert aðildarríki skal tafarlaust tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um uppkomu allra sjúkdóma á yfirráðasvæði þess sem heyra undir fyrstu undirgrein og um ráðstafanir sem það grípur til að ráða niðurlögum þeirra. Það skal einnig þegar í stað tilkynna þeim um upprætingu sjúkdóma.

2. Komi upp sjúkdómur í þriðja landi, eða breiðist út með sæði þannig að það kann að stofna heilsu búpenings í aðildarríki í hættu, eða ef aðrar ástæður er varða dýraheilbrigði réttlæta það skal viðtökuaðildarríkið banna, með fyrirvara um 8., 9. og 10. gr., innflutning á því sæði hvort sem það er flutt beint eða óbeint gegnum annað aðildarríki, annaðhvort frá öllu þriðja landinu eða hluta yfirráðasvæðis þess.

3. Tilkynna skal öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust um ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til samkvæmt 1. og 2. mgr. og um afturköllun á slíkum ráðstöfunum ásamt ástæðum fyrir þeim.

Í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. er heimilt að samþykkja afturköllun eða breytingu á þessum ráðstöfunum, einkum til að samræma þær ráðstöfunum sem önnur aðildarríki gera.

4. Komi sú staða upp sem lýst er í 1. og 2. mgr. og ef nauðsynlegt er að önnur aðildarríki beiti ráðstöfununum sem gerðar eru samkvæmt þeim málsgreinum, breyttum

ef nauðsyn krefur í samræmi við 3. mgr., skal grípa til viðeigandi aðgerða í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr.

5. Heimila skal innflutning aftur frá viðkomandi þriðja landi í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr.

16. gr.

1. Dýraheilbrigðissérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar geta í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum eða þriðju löndum látið fara fram eftirlit á staðnum ef það er nauðsynlegt vegna einsletrar beitingar þessarar tilskipunar.

Sæðistökulandið þar sem eftirlitið fer fram skal veita sérfræðingunum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að þeir geti unnið verk sitt. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi sæðistökulandi um niðurstöður rannsóknarinnar.

Viðkomandi sæðistökuland skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir sem leiða af niðurstöðum rannsóknarinnar. Ef sæðistökulandið grípur ekki til þessara ráðstafana er framkvæmdastjórninni heimilt, að lokinni rannsókn fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, að beita ákvæðum fjórðu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 9. gr.

2. Almenn ákvæði til framkvæmdar þessari grein, einkum að því er varðar tíðni og aðferð við framkvæmd eftirlitsins sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. skulu sett í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr.

V. KAFLI

Lokaákvæði

17. gr.

Ákvarðanir um breytingar á viðaukunum við þessa tilskipun, einkum með tilliti til þess að laga þá að tækniframförum, skulu teknar af ráðinu með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

18. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis, að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði (hér á eftir kölluð „nefndin“), sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 15. október 1968.

2. Innan nefndarinnar vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á ráðstöfununum innan tveggja daga. Álit skal samþykkt með meirihluta 54 atkvæða.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og skulu þær koma til framkvæmda án tafar, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fram tillögu til ráðsins um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og koma þeim til framkvæmda tafarlaust nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

19. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til nefndarinnar annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Innan nefndarinnar skulu atkvæði aðildarríkjanna vega eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með meirihluta 54 atkvæða.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og skulu þær koma til framkvæmda án tafar, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fram til-

lögu til ráðsins um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan 15 daga frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og koma þeim til framkvæmda tafarlaust nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

20. gr.

1. Þessi tilskipun gildir ekki um sæði sem er tekið og meðhöndlað í aðildarríki fyrir 1. janúar 1990.

2. Þar til ákvarðanir sem samþykktar eru samkvæmt 8., 9. og 10. gr. öðlast gildi skulu aðildarríkin ekki beita hagstæðari skilyrðum um sæðisinnflutning frá þriðju löndum en þeim sem leiða af beitingu II. kafla.

21. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1990. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 14. júní 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

I.KIECHLE

forseti.

VIÐAUKI A

I. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU Á SÆÐINGARSTÖÐVUM

Sæðingarstöðvar skulu:

- a) vera undir stöðugu eftirliti dýralæknis sæðingarstöðvarinnar;
- b) hafa að minnsta kosti
 - i) gripahús, þar með talið einangrunaraðstöðu;
 - ii) aðstöðu til sæðistöku, þar með talið aðskilið rými til að hreinsa, sótthreinsa eða dauðhreinsa búnað;
 - iii) sæðisvinnslurými sem þarf ekki nauðsynlega að vera á sama stað;
 - iv) sæðisgeymslu sem þarf ekki nauðsynlega að vera á sama stað;
- c) vera byggðar eða einangraðar þannig að komið sé í veg fyrir snertingu við búpening fyrir utan stöðina;
- d) vera byggðar þannig að auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa gripahús og sæðistöku-, meðhöndlunar- og geymsluáðstöðu;
- e) vera með einangrunaraðstöðu sem ekki má vera í beinum tengslum við venjuleg gripahús;
- f) vera hannaðar á þann hátt að gripahús sé algerlega aðskilið sæðisvinnslurými og hvortveggja aðskilið sæðisgeymslurýminu.

II. KAFLI

SKILYRÐI AÐ ÞVÍ ER VARDAR EFTIRLIT MEÐ SÆÐINGARSTÖÐVUM

Að því er sæðingarstöðvar varðar:

- a) skal hafa eftirlit með því að í þeim séu eingöngu dýr af þeim tegundum sem á að taka sæði úr. Þó má koma þangað með önnur húsdýr sem eru nauðsynleg vegna eðlilegrar starfsemi sæðingarstöðvarinnar, að því tilskildu að þeim tegundum sem á að taka sæði úr standi engin smíthætta af þeim og þau uppfylli skilyrðin sem dýralæknir starfsstöðvarinnar setur;
- b) skal hafa eftirlit með því að þær haldi skrá yfir öll dýr af nautgripakyni í starfsstöðinni, þar sem tilgreindur er ættstofn, fæðingardagur og auðkenni hvers dýrs og einnig skrá yfir allt eftirlit vegna sjúkdóma og bólusetninga ásamt upplýsingum um sjúkdóms-/heilbrigðisástands hvers dýrs;
- c) skal opinber dýralæknir skoða þær reglulega, eða að minnsta kosti tvisvar á ári, og um leið sé haft umsjón með að viðurkenningar- og eftirlitsskilyrði séu uppfyllt;
- d) skal hafa eftirlit með að óviðkomandi sé meinaður aðgangur. Heimsóknir skulu heimilaðar að fengnu leyfi dýralæknis sæðingarstöðvarinnar;
- e) skal ráða hæft tæknimenntað starfsfólk, vel þjálfað í aðferðum sem beita skal við sótthreinsun og hreinlætisstörf til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma;
- f) skal eftirlit vera haft með þeim þannig:
 - i) að eingöngu sæði sem er tekið í viðurkenndum stöðvum sé meðhöndlað og geymt í viðurkenndum stöðvum og þess gætt að það komist ekki í snertingu við aðrar sæðissendingar. Þó er heimilt að meðhöndla sæði sem ekki er tekið í viðurkenndri stöð í viðurkenndu sæðingarstöðvum, að því tilskildu:
 - að slíkt sæði sé framleitt úr nautgripum sem uppfylla skilyrðin í i-, ii-, iii- og v-lið d-liðar í 1. lið I. kafla í viðauka B,
 - að meðhöndlun á sæðinu fari fram í sérstökum búnaði eða á öðrum tíma en meðhöndlun á sæðinu sem er ætlað til viðskipta innan bandalagsins, og skal í síðara tilvikinu hreinsa og dauðhreinsa búnað eftir notkun,

- að ekki séu höfð viðskipti innan bandalagsins með slíkt sæði og má það aldrei komast í sneringu við eða geymast með sæði sem er ætlað til viðskipta innan bandalagsins,
 - að slíkt sæði sé merkt á annan hátt en kveðið er á um í vii-lið;
- ii) að taka, meðhöndlun og geymsla á sæði fari eingöngu fram á ákveðnum athafnasvæðum þar sem ítrasta hreinlætis er gætt;
 - iii) að öll tæki sem komast í sneringu við sæðið eða gjafa við töku eða meðhöndlun séu vandlega sótthreinsuð eða dauðhreinsuð fyrir notkun;
 - iv) að vörur úr dýraríkinu sem eru notaðar við meðhöndlun sæðis, þar með talin aukefni og efni til þynningar, séu fengnar á þann hátt að heilsu dýra stafi engin hættu af þeim og meðhöndlaðar fyrir notkun á þann hátt að komið sé í veg fyrir slíka hættu;
 - v) að tilraunaflöskur sem eru notaðar til geymslu og flutninga séu vandlega sótt- og dauðhreinsaðar fyrir áfyllingu;
 - vi) að lághitamiðlar sem eru notaðir hafi ekki áður verið notaðir fyrir aðrar vörur úr dýraríkinu;
 - vii) að hver sæðisskammtur sé greinilega merktur þannig að auðvelt sé að bera kennsl á daginn þegar sæðið var tekið, kynstofn og auðkenni gjafa sem og heiti stöðvarinnar, hugsanlega með kóðamerkingu. Nánari reglur um þessa merkingu eru settar í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr.

VIDAUKI B

I. KAFLI

**SKILYRÐI FYRIR FLUTNINGI DÝRA TIL VIÐURKENNDRA SÆÐING-
ARSTÖÐVA**

1. Allir nautgripir sem komið er með til sæðingarstöðvar skulu:

- a) hafa verið í einangrun í að minnsta kosti 30 daga í húsakynnum sem lögbær yfirvöld í aðildarríkinu viðurkenna sérstaklega í þeim tilgangi og þar sem aðeins eru önnur klaufdýr með að minnsta kosti sömu heilbrigðisviðurkenningu;
- b) hafa, áður en þeir eru settir í einangrunina sem lýst er í a-lið, verið í hjörðum:
 - i) sem eru opinberlega lausar við berkla;
 - ii) sem eru opinberlega lausar við öldusótt eða lausar við öldusótt.

Dýrin mega ekki áður hafa verið í öðrum hjörðum sem eru með lakari heilbrigðisviðurkenningu;

- c) koma úr hjörð sem er laus við smitandi nautgripahvítblæði eða kúm sem sermifræðilegt próf vegna smitandi nautgripahvítblæðis hefur verið gert á með neikvæðri svörun í mesta lagi 30 dögum áður en komið var með dýrið í sæðingarstöðina.

Hafi þessum kröfum ekki verið fullnægt má ekki hafa viðskipti með sæðið fyrir en gjafinn er orðinn tvævetra og hefur verið prófaður í samræmi við iii-lið 1. liðar II. kafla með neikvæðri svörun;

- d) hafa, fyrir einangrunartímabilið sem er tilgreint í a-lið og á næstliðnum 30 dögum, verið prófaðir með neikvæðri svörun með:

- i) túberkúlínprófi í húð sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka B við tilskipun 64/432/EBE;
- ii) sermikekkjunarprófi sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka C við tilskipun 64/432/EBE og þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 30 alþjóðlegar kekkjunareiningar á millílítra, og þegar um er að ræða hjarðir lausar við öldusótt, magnaðarbindingarprófi þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 20 EBE-einingar á millílítra (20 ICFT-einingar);
- iii) sermifræðilegu prófi vegna smitandi nautgripahvítblæðis sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka G við tilskipun 64/432/EBE;
- iv) sermiafmögnunarprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbroti;
- v) veirueinangrunarprófi (flúrskímumótefnaprófi eða ónæmisperoxíðasaprófi) vegna veiruniðurgangs í nautgripum. Ef dýrið er yngra en sex mánaða skal fresta prófinu uns þeim aldri er náð.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að veita leyfi til þess að prófin sem getur í d-lið séu gerð í sóttkví, að því tilskildu að niðurstöður liggi fyrir áður en 30 daga einangrunin sem um getur í e-lið hefst;

- e) hafa á einangrunartímabilinu sem stendur í að minnsta kosti 30 daga, samanber a-lið, verið prófaðir með neikvæðri svörun með:

- i) sermikekkjunarprófi samkvæmt aðferðinni í viðauka C við tilskipun 64/432/EBE og þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 30 alþjóðlegar kekkjunareiningar á millílítra og magnaðarbindingarprófi, þegar um er að ræða dýr úr hjörðum sem eru lausar við öldusótt, þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 20 EBE-einingar á millílítra (20 ICFT-einingar);
- ii) annaðhvort flúrskímumótefnaprófi eða ræktunarprófi á forhúðarsýni eða sýni af skolvatni frá gervisveiðum vegna fóstursmits af völdum bogstafasýkils; þegar um kvendýr er að ræða skal gera kekkjunarpróf á leggangaslími;
- iii) smásjárrannsókn og ræktunarprófi vegna Trichomonasfóstursmits á sýni af leggangaskolvatni eða á sýni af forhúðarskolvatni; þegar um kvendýr er að ræða skal gera kekkjunarpróf á leggangaslími;
- iv) sermiafmögnunarprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbroti;

og hafa fengið meðhöndlun gegn mjógyrmasótt með tveimur streptómýsinsprautum með 14 daga milli-bili (25 mg á kíló af lífþyngd).

Ef einhver framantalinna prófa eru jákvæð skal þegar í stað flytja dýrið úr einangruninni. Þegar um er að ræða hópeinangrun skal lögbært yfirvald gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að unnt sé að flytja þau dýr sem eftir eru í söfnunarstöð í samræmi við þennan viðauka.

2. Öll próf skulu fara fram í rannsóknarstofu viðurkenndri af aðildarríkinu.
3. Óheimilt er að koma með dýr í sæðingarstöð nema með afdráttarlausu leyfi dýralæknis stöðvarinnar. Skrá skal allar hreyfingar bæði inn og út.
4. Dýr sem komið er með í sæðingarstöðvarnar mega ekki sýna nein klínísk sjúkdómseinkenni á komudegi. Öll dýr skulu, með fyrirvara um 5. lið, koma úr einangrun svo sem um getur í a-lið 1. liðar sem á sendingardegi uppfyllir opinberlega eftirfarandi skilyrði:
 - a) er á miðbiki svæðis með 10 kílómetra radfusi þar sem ekkert gin- og klaufaveikitilfelli hefur komið upp í að minnsta kosti 30 daga;
 - b) hefur í að minnsta kosti þrjá mánuði verið laus við gin- og klaufaveiki og öldusótt;
 - c) hefur í að minnsta kosti 30 daga verið laus við tilkynningarskylda nautgripasjúkdóma í samræmi við viðauka E við tilskipun 64/432/EBE.
5. Að því tilskildu að skilyrðin í 4. lið séu uppfyllt og venjubundin próf sem um getur í II. kafla hafa verið gerð á næstliðnum 12 mánuðum, er heimilt að flytja dýrin frá einni viðurkenndri sæðingarstöð til annarrar með sömu heilbrigðisviðurkenningu án þess að til einangrunar eða prófunar komi ef um beinan flutning er að ræða. Þessi dýr mega ekki komast í beina eða óbeina snertingu við klaufdýr með lakari heilbrigðisviðurkenningu og flutningateki skal sóttreinsa fyrir notkun. Ef flutningur frá einni sæðingarstöð til annarrar fer fram á milli aðildarríkja skal hann vera í samræmi við tilskipun 64/432/EBE.

II. KAFLI

VENJUBUNDIN SKYLDUPRÓF OG MEDHÖNDLUN NAUTGRIPA Í VIÐURKENNDRI SÆÐINGARSTÖÐ

1. Eftirfarandi próf eða rannsóknir skal gera á öllum nautgripum sem haldið er í viðurkenndri sæðingarstöð:
 - i) túberkúlínpróf í húð, sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka B við tilskipun 64/432/EBE, með neikvæðri svörun;
 - ii) sermikekkjunarpróf vegna öldusóttar sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka C við tilskipun 64/432/EBE þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 30 alþjóðlegar kekkjunareiningar á millilítra;
 - iii) sermifræðilegt próf vegna smitandi nautgripahvítblæðis, sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka G við tilskipun 64/432/EBE, með neikvæðri niðurstöðu;
 - iv) vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots, sermíafmögnunarpróf eða ELISA-próf með neikvæðri svörun. Þó er heimilt til 31. desember 1992 að bólusetja sermineikvæð naut gegn þessum sjúkdómum annaðhvort með einum skammti af hitaskynnæmu lifandi bóluefni sem er gefið í nefhol eða með tveimur skömmtum af óvirku bóluefni með að minnsta kosti þriggja vikna millibili og mest fjögurra vikna; síðan verður að endurtaka bólusetninguna, en ekki oftar en á sex mánaða fresti;
 - v) annaðhvort flúrskímumótefnapróf eða ræktunarpróf á forhúðarsýni eða sýni af skolvatni frá gerviskeiðum vegna fóstursmits af völdum bogstafasýkils; þegar um kvendýr er að ræða skal gera kekkjunarpróf á leggangaslími.
2. Öll próf skulu fara fram í rannsóknarstofu viðurkenndri af aðildarríkinu.
3. Ef einhver framantalinna prófa eru jákvæð skal einangra dýrið og óheimilt er að hafa viðskipti innan bandalagsins með sæði sem er tekið úr því frá því það sýndi síðast neikvæða svörun.

Sæði sem er tekið úr öllum öðrum dýrum á stöðinni frá þeim degi er síðasta jákvæða prófið var gert skal geymt í sérstakri geymslu og óheimilt er að hafa viðskipti með það innan bandalagsins fyrr en heilbrigðisviðurkenning stöðvarinnar er komin í fyrra horf.

VIÐAUKI C

SKILYRÐI SEM SÆÐI TEKID Á VIÐURKENNDUM SÆÐINGARSTÖÐVUM VERÐUR AÐ VERA Í SAMRÆMI VIÐ VEGNA VIÐSKIPTA INNAN BANDALAGSINS

1. Sæðið verður að koma úr dýrum sem:

- a) sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni daginn sem sæðið er tekið;
- b)
 - i) eru ekki bólusett gegn gin- og klaufaveiki; eða
 - ii) koma frá stöðvum þar sem öll dýrin hafa verið varin gegn A, O og C-stofni;
 - og eru þannig annaðhvort dýr sem fyrir komu á stöðina hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki og skulu því hafa fengið tvo skammta af óvirku veirubóluefni sem lögbært yfirvald í útflutningsaðildarríkinu viðurkennir og hefur eftirlit með á að minnsta kosti sex vikna fresti og ekki oftari en á átta mánaða fresti,
 - eða dýr sem fyrir komu á stöðina hafa verið bólusett að minnsta kosti þrisvar sinnum á ekki meira en árs fresti.
- c) hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki síðustu 30 daga fyrir töku;
- d) hafa verið í viðurkenndri söfnunarstöð í að minnsta kosti 30 daga óslitið fyrir sæðistöku;
- e) eru ekki látin gagnast kúm á eðlilegan hátt;
- f) hafa verið í sæðingarstöðvum sem eru lausar við gin- og klaufaveiki í að minnsta kosti þrjú mánuði fyrir sæðistöku og 30 daga eftir töku og eru á miðbiki svæðis með 10 kílómetra radíusi þar sem ekkert gin- og klaufaveikittilfelli hefur komið upp í að minnsta kosti 30 daga;
- g) hafa verið í sæðingarstöð sem 30 dögum fyrir sæðistöku og 30 daga eftir töku hefur verið laus við tilkynningarskylda nautgripasjúkdóma í samræmi við viðauka E við tilskipun 64/432/EBE.

2. Sýklalyfjunum sem talin eru upp hér á eftir skal bætt við til að ná eftirfarandi styrk í fullþynntu sæði:

ekki minna en: 500 IU streptómýsín á millilítra,
500 IU penisillín á millilítra,
150 µg línsómýsín á millilítra,
300 µg spektínómýsín á millilítra.

Heimilt er að nota aðra samsetningu á sýklalyfjum með sambærilega virkni gegn bogstafasýklum, mjógyrmasýklum og berfrymingum.

Strax eftir að þeim hefur verið bætt út í verður að geyma þynnta sæðið við að minnsta kosti 5°C í að minnsta kosti 45 mínútur.

3. Sæði til viðskipta innan bandalagsins skal:

- i) geymt við viðurkennd skilyrði í að minnsta kosti 30 daga fyrir sendingu;
- ii) vera flutt til viðtökuaðildarríkis í flöskum sem hafa verið þrífnað og sóttþreinsaðar eða dauðþreinsaðar fyrir notkun og innsiglaðar áður en þær voru fluttar úr viðurkenndri geymslu.

VIÐAUKI D

DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐ

Nr.:

Sæðistökuland:

Lögbært yfirvald:

Lögbært staðaryfirvald:

I. Auðkenni sæðis:

.....

Fjöldi skammta	Tökudagar	Auðkenning gjafa	Kyn	Fæðingardagur

II. Uppruni sæðis:

Heimilisfang sæðingarstöðvarinnar/sæðingarstöðvanna:

.....

.....

Löggildingarnúmer sæðingarstöðvarinnar/sæðingarstöðvanna:

.....

III. Viðtökustaður sæðisins:

Sæðið verður sent frá:

(fermingarstaður)

til:

(land og viðtökustaður)

með:

(flutningatæki)

Nafn og heimilisfang sendanda:

.....

.....

Nafn og heimilisfang viðtakanda:

.....

.....

VI. Ég, undirritaður opinber dýralæknir, staðfesti:

1. að sæðið hér að framan var tekið, meðhöndlað og geymt við skilyrði sem eru í samræmi við staðlana í tilskipun 88/407/EEC;
2. að sæðið hér að framan var sent til fermingarstaðar í innsigliðum flátum við skilyrði í samræmi við 88/407/EEC;

Gjört í hinn

.....
(Undirskrift)

.....
(Nafn með hástöfum)

Stimpill